

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 410/2014****2017/EES/40/22****frá 23. apríl 2014****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum
léttum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 9. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í XII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ⁽²⁾ er sett fram ný aðferð við ákvörðun á losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun ökutækja í flokki N¹ sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli (hér á eftir nefnd „fjölþrepa ökutæki“). Nýja aðferðin gildir frá 1. janúar 2014 en henni má beita að eigin frumkvæði frá 1. janúar 2013.
- 2) Í 7. lið B-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 er kveðið á um að sértækri losun koltvísýrings frá fullbúnu ökutæki í áföngum ætti að úthluta á framleiðanda grunnökutækisins. Þetta krefst þess að hægt sé að bera kennsl á fullbúðu ökutæki í áföngum í vöktunarferlinu og að hægt sé að auðkenna framleiðanda grunnökutækisins. Þetta krefst þess einnig að tiltekin gögn sem tengjast grunnökutækinu séu ákvörðuð í samræmi við nýju aðferðafræðina sem sett er fram í XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.
- 3) Í samræmi við ákvæði 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 hafa framleiðendur grunnökutækisins rétt til að sannprófa gögnin varðandi fjölþrepa ökutæki en á grundvelli þeirra eru markmið um sértæka losun koltvísýrings reiknuð út. Því er rétt að mæla fyrir um ítarleg ákvæði um skipti á viðeigandi gögnum milli framleiðandanna og framkvæmdastjórnarinnar.
- 4) Vegna sérstakra eiginleika og útfærslu á skráningarkerfi þeirra fyrir ökutæki getur hins vegar verið að aðildarríki geti ekki lagt fram öll gögn sem skipta máli fyrir vöktun á fjölþrepa ökutækjum sem eru talin með í ítarlegu gögnunum sem tilgreind eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011. Þess vegna ætti framkvæmdastjórninni að vera kleift að taka tillit til gagna sem framleiðendur leggja fram sem hluta af sannprófunarferlinu skv. 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 til að ákvarða undirbúningsmarkmiðin um sértæka losun.
- 5) Framleiðendur ættu því að leggja fram hjá framkvæmdastjórninni eða Umhverfisstofnun Evrópu verksmiðjunúmer ökutækja sem þeir úthlutuðu léttum atvinnuökutækjum sem seld voru á fyrra almanaksári eða sem ábyrgð var gefin út fyrir á því ári. Framleiðendum ætti einnig að vera gefinn kostur á að leggja fram hjá framkvæmdastjórninni ítarlegu gögnin sem tengjast þessum ökutækjum. Til að tillit sé tekið til þessara gagna við útreikning á bráðabirgðamarkmiðum ættu framleiðendur að leggja fram sín gögn hjá framkvæmdastjórninni og Umhverfisstofnun Evrópu á sama tíma og aðildarríkin leggja fram árs gögn.
- 6) Með því að bera saman ítarlegu gögnin sem aðildarríkin leggja fram við þau gögn sem framleiðendur leggja fram, byggt á verksmiðjunúmerum ökutækjanna, ætti framkvæmdastjórnin að undirbúa bráðabirgðagagnasafn fyrir útreikninga á undirbúningsmarkmiðum. Bráðabirgðagagnasafnið sem tilkynna á framleiðandanum ætti að innihalda verksmiðjunúmer ökutækja fyrir þær skrár þar sem gagnasöfnunum tveimur ber saman. Ef nauðsyn krefur ætti bráðabirgðagagnasafnið einnig að innihalda þær skrár þar sem verksmiðjunúmerum ökutækja aðildarríkjanna ber ekki saman við þau verksmiðjunúmer ökutækja sem framleiðandinn afhenti. Í því tilviki ætti að senda framleiðandanum skrárnar án verksmiðjunúmera ökutækjanna. Bráðabirgðagagnasafnið ætti að birta, án verksmiðjunúmera ökutækjanna, í samræmi við 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 121, 24.4.2014, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjútíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.).

- 7) Til að tryggja að kröfur sem settar eru fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 ⁽¹⁾ séu fyllilega hliðstæðar við þær sem gilda um fólksbifreiðar og settar eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1014/2010 ⁽²⁾, er rétt að aðlaga kröfurnar um villutilkynningar frá framleiðendum í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar.
- 8) Breyta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„3) „Ítarleg vöktunargögn“: Ítarlegu gögnin sem tilgreind eru í 2. þætti í C-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011, sem eru aðgreind eftir framleiðanda og framleiðsluröð ökutækisins eins og skilgreint er eftir gerð, afbrigði og útfærslu eða, eftir atvikum, eftir einstöku ökutæki eins og það er skilgreint með verksmiðjunúmeri ökutækisins.“

- 2) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Ökutæki sem falla ekki undir EB-gerðarviðurkenningu

Þegar létt atvinnuökutæki falla undir landsbundna gerðarviðurkenningu lítillar framleiðsluraðar í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2007/46/EB eða undir einstakar viðurkenningar í samræmi við 24. gr. þeirrar tilskipunar, skulu aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina um fjölda slíkra ökutækja, sem skráð eru á yferráðasvæði þeirra.

Þegar lögbært yfirvald fyllir út ítarlegu vöktunargögnin skal það tilgreina nafn framleiðandans í dálknum „Heiti framleiðanda í skrá aðildarríkis“ með því sniði sem sett er fram í C-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 og í dálknum „Heiti framleiðanda — Staðlað ESB-heiti“ skrá annað hvort af eftirfarandi:

- a) „AA-IVA“ til að tilkynna um gerð ökutækis sem hefur einstaka viðurkenningu,
- b) „AA-NSS“ til að tilkynna um gerð ökutækis sem hefur landbundna viðurkenningu í lítilli framleiðsluröð.“

- 3) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr.:

„Séu gögn send í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar skal tengiliðurinn sem framleiðandi tilgreinir einnig hafa rétt til að upphala ítarlegu gögnunum í gagnasafn Umhverfisstofnunar Evrópu.“

- b) Eftirfarandi 3. og 4. mgr. bætist við:

„3. Í þeim tilgangi að sannprófa bráðabirgðagögnin skulu framleiðendur leggja fyrir framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 28. febrúar ár hvert, verksmiðjunúmer ökutækis á öllum léttum atvinnuökutækjum (fullbúnum, fullbúnum í áföngum eða ófullbúnum) sem þeir seldu innan Sambandsins á næstliðnu almanaksári eða sem þeir gáfu út ábyrgð fyrir það ár. Á sama tíma mega framleiðendur afhenda framkvæmdastjórninni þau ítarlegu gögn sem tilgreind eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 og sem tengjast þessum ökutækjum.

Gögnin skulu send með rafrænum gagnaflutningi til gagnasafnsins sem Umhverfisstofnun Evrópu rekur.

4. Leggi framleiðendur ekki fram verksmiðjunúmer ökutækis og ítarlegu gögnin sem um getur í 3. mgr. skulu bráðabirgðamarkmiðin um sértæka losun reiknuð út á grunni ítarlegu gagnanna sem aðildarríkin leggja fram.“

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 frá 3. apríl 2012 um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra, léttra atvinnuökutækja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjtið ESB L 98, 4.4.2012, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1014/2010 frá 10. nóvember 2010 um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra fólksbifreiða samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (Stjtið ESB L 293, 11.11.2010, bls. 15).

4) Eftirfarandi 10. gr. a og b bætist við:

„10. gr. a

Villutilkynningar frá framleiðendum

1. Framleiðendur sem tilkynna um villur í samræmi við 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 skulu nota bráðabirgðagagnasafnið, sem framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt skv. 4. mgr. 8. gr., sem grunn fyrir tilkynningar sínar.

Í villutilkynningunni skulu vera öll gagnasöfn sem varða ökutækjaskráningar sem framleiðandinn, sem sendir tilkynninguna, er ábyrgur fyrir. Ef um er að ræða fullbúin ökutæki í áföngum er framleiðandinn sem er ábyrgur sá framleiðandi sem ber ábyrgð á EB-gerðarviðurkenningu grunnökutækisins.

Gera skal grein fyrir villunni með sérstakri færslu í gagnasafni hverrar útfærslu, með heitið „athugasemdir framleiðanda“, og skal tilgreina einn af eftirfarandi kóðum:

- a) Kóði A, hafi framleiðandinn breytt skránum,
- b) Kóði B, sé ekki hægt að auðkenna ökutækið,
- c) Kóði C, falli ökutækið ekki undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 510/2011 eða er ekki lengur í framleiðslu,
- d) Kóði D, sé framleiðandinn, sem tiltekin skrá hefur verið eignuð, framleiðandi fullbúna ökutækisins í áföngum en ekki ófullbúna grunnökutækisins.

Að því er varðar b-lið er ekki hægt að auðkenna ökutæki ef framleiðandinn getur ekki auðkennt ökutækið á grundvelli verksmiðjunúmers ökutækis sem aðildarríkin leggja fram eða ef skrár innihalda ekki slíkt númer og ekki er hægt að auðkenna ökutækið með öðrum hætti.

Að því er varðar d-lið skal endanlegur ökutækjaframleiðandi einnig tilgreina nafn framleiðanda grunnökutækisins með sérstakri færslu með heitið „mínispunktur framleiðanda“.

2. Ef framleiðandinn hefur ekki tilkynnt um villur til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. eða ef tilkynningin er lögð fram að liðnum þriggja mánaða frestinum, sem kveðið er á um í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, teljast bráðabirgðagildin, sem tilkynnt eru í samræmi við 4. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar, vera endanleg gildi.

3. Innihaldi villutilkynningin sem um getur í 1. mgr. verksmiðjunúmer ökutækis skal hún lögð fram hjá gagnasafninu sem um getur í 3. mgr. 10. gr., í öðrum tilvikum skal hún lögð fram með rafrænum gagnabera sem ekki er hægt að þurrka út af, merkt „Villutilkynning — koltvísýringur frá sendibifreiðum“, og send með pósti á eftirfarandi pósthöf:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
Allsherjarsvið framkvæmdastjórnarinnar
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Senda skal rafrænt eintak af tilkynningunni til upplýsingar á eftirfarandi virk pósthöf:

EC-CO2-LDV-IMPLEMENTATION@ec.europa.eu

og

CO2-monitoring@eea.europa.eu.

10. gr. b

Undirbúningur bráðabirgðagagnanna

1. Leggi framleiðendur fram gögn hjá framkvæmdastjórninni í samræmi við 3. mgr. 10. gr. skal bráðabirgðagagnasafnið sem tilkynna skal framleiðandanum innihalda eftirtaldar skrár:

- a) skrárnar sem innihalda verksmiðjunúmer ökutækja, í þeim tilvikum þar sem verksmiðjunúmer ökutækja sem framleiðandinn lagði fram í samræmi við 3. mgr. 10. gr. samsvara þeim sem aðildarríkin lögðu fram eins og tilgreint er í 2. þætti C-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011,

- b) Þær skrár sem hægt er að eigna framleiðandanum, en að undanskildum verksmiðjunúmerum ökutækja, í þeim tilvikum þar sem verksmiðjunúmerum ökutækjanna sem aðildarríkin leggja fram ber ekki saman við þau sem framleiðendurnir leggja fram.

Framleiðendum skal tilkynnt um bráðabirgðagagnasafnið sem verið er að undirbúa, að meðtöldum skránum sem um getur í a- og b-lið í samræmi við annan undirlið 4. mgr. 8. gr. í reglugerð (ESB) nr. 510/2011.

Miðlæga skráin yfir gögnin sem um getur í fyrsta undirlið 4. mgr. 8. gr. skal ekki innihalda nein gögn um verksmiðjunúmer ökutækja.

2. Vinnsla á verksmiðjunúmerum ökutækja skal ekki innihalda vinnslu á neinum persónuupplýsingum sem hægt væri að tengja við númerin eða neinum öðrum gögnum sem gætu gert það kleift að tengja verksmiðjunúmer ökutækja við persónuupplýsingar.“

- 5) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

—

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

GAGNAGJAFAR

Mælipáttur	Samræmisvottorð (Fyrirmynd B í 1. hluta sem sett er fram í IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB)	Gerðarviðurkenningarskjöl (tilskipun 2007/46/EB)
Framleiðandi (fullbúin ökutæki)	Liður 0.5	Liður 0.5 í I. hluta III. viðauka
Framleiðandi grunnökutækis (fjölþrepa ökutæki)	Liður 0.5.1	Liður 0.5 í I. þætti VI. viðauka
Gerðarviðurkenningarnúmer	b-liður í lið 0.10	Inngangshluti VI. viðauka
Gerð	Liður 0.2	Liður 0.2 í I. hluta III. viðauka
Afbrigði	Liður 0.2	I. eða II. hluti III. viðauka eða 3. þáttur VIII. viðauka
Útfærsla	Liður 0.2	I. eða II. hluti III. viðauka eða 3. þáttur VIII. viðauka
Tegund	Liður 0.1	Liður 0.1 í I. hluta III. viðauka
Flokkur viðurkenndrar ökutækjagerðar	Liður 0.4	Liður 0.4 í I. hluta III. viðauka
Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum) (kg)	13. þáttur	Liður 2.6 í I. hluta III. viðauka, eða frá og með 10. janúar 2014, b-liður í lið 2.6 í I. hluta III. viðauka (ef um er að ræða bil skal taka lágmarksmassa)
Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs (grunnökutæki) (kg)	14. þáttur	Liður 2.17.1 í I. viðauka
Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (á við um grunnökutækið ef um er að ræða fjölþrepa ökutæki) (kg)	Liður 16.1	Liður 2.8 í I. hluta III. viðauka
Grunnflötur — Hjólhaf (mm)	4. þáttur	Liður 2.1 í I. hluta III. viðauka ¹
Grunnflötur — Sporvidd (mm)	30. þáttur	Liður 2.3.1 og 2.3.2 í I. hluta III. viðauka ²
Sértæk losun koltvísýrings (g/km) ³	Liður 49.1	3. liður í VIII. viðauka
Tegund eldsneytis	26. þáttur	Liður 3.2.2.1 í I. hluta III. viðauka
Eldsneytishamur	Liður 26.1	Liður 3.2.2.4 í I. hluta III. viðauka
Slagrými hreyfils (cm ³)	25. þáttur	Liður 3.2.1.3 í I. hluta III. viðauka
Raforkunotkun (Wh/km)	Liður 49.2	3. þáttur í VIII. viðauka
Nýsköpunartækni eða nýsköpunartækniþópur og minnkun á koltvísýringslosun vegna þeirrar tækni	Liður 49.3	4. þáttur í VIII. viðauka

Mælipáttur	Samræmisvottorð (Fyrirmynd B í I. hluta sem sett er fram í IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB)	Gerðarviðurkenningarskjöl (tilskipun 2007/46/EB)
Verksmiðjunúmer ökutækis	Liður 0.10	Liður 9.17 í I. hluta III. viðauka
Sjálfgefinn, viðbættur massi		Liður 2.17.2 í I. viðauka

(¹) Í samræmi við 9. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

(²) Í samræmi við 8. og 9. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

(³) Í samræmi við 5. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.“